


Niðurstöður kennslumats á haustönn 2019

Kennslumat haustannar fór fram í nóvember 2019 og eins og fyrr fór það fram í skólakerfi INNU. Að þessu sinni var ákveðið að leggja það fyrir síðar en oft áður eða eftir 12 kennsluvikur (af 16). Var það vegna fram kominna athugasemda um réttara væri að leggja mat á áfangann þegar hann væri að verða búinn heldur en á miðri önn þegar ekki væri komin heilleg mynd á áfangann og kennsluna.

Gæðastjóri/sviðsstjóri gerði að venju tillögur um hvaða áfanga skyldi meta og sendi listann á deildastjóra og kennslustjóra og það þá um að bera hann undir viðkomandi kennara. Nokkrar athugasemdir bárust og var tekið tillit til þeirra eftir því sem hægt var. Að jafnaði er reynt að meta alla áfanga aðra hvora eða þriðju hverja önn og að auki eru metnir nýir áfangar, áfangar þar sem skipt hefur verið um kennara og áfangar þar sem námsefni eða námsmati hefur verið breytt. Að þessu sinni var óvenju mikið um breytingar, ýmist á námsefni, kennslu eða námsmati auk þess sem margir kennarar voru að taka við nýjum áföngum. Því voru metnir áfangar að þessu sinni 78 og alls voru hóparnir 127. Matið fór fram dagana 11. – 22. nóvember að báðum dögum meðtöldum og var þátttakan tæp 52%. Það er minni þátttaka en í síðust önn þegar hún var 59% en þá var matið opið í þrjár vikur.





Hér er mynd sem sýnir þátttöku í kennslumati síðustu fjögur árin. Þátttakan er rétt rúmlega 50% en auðvitað væri æskilegt að hún væri enn meiri. Vert er þó að minna á að hlutfallið er reiknað af öllum nemendum sem eru skráðir í þá áfanga sem metnir eru en þegar svo langt er liðið á önnina er alltaf nokkur hópur búinn að gefast upp og hættur að mæta án þess að segja sig úr áfanga/skóla. Þessir nemendur skekkja því nokkuð myndina og gera þátttökuhlutfallið lægra en það þyrfti að vera.








Hér má sjá hvaða áfangar fóru í kennslumat að þessu sinni:


BÓKF2TB05	HJÚK1AG05	LÍBE1HB01	SJÚK2MS05
DANS1UN05	HJÚK3FG05	LYFJ2LS05	SKRÁ2TT05
DANS2RM05	HJÚK3LO03	LYFJ2TL02	SPÆN1AF05
ENSK1GR05	HJÚK3ÖH05	LYHV2LL05	SPÆN1AG05
ENSK1UN05	HJVG1VG05	LÖGF2LÖ05	SPÆN1AU05
ENSK2EH05	ÍSAN1UN05	MARÉ2MR05	STÆR1GR05
FÉLA3ST05	ÍSAN2BS05	MYNL2PV05	STÆR1UN05
FÉLM2FF05	ÍSAN2GM05	NÝSK2HH05	STÆR3FD05
FÉLV1IF05	ÍSAN3NB05	NÆRI2NN05	STÆR3TL05
FJMÁ2FF05	ÍSLE1GR05	PÓLS2AU05	SÝKL2SS05
FJÖL1FS05	ÍSLE1UN05	RAUN1LE05	TAMS3TT05
FORM2MF05	ÍSLE2BS05	SAGA2NS05	TÓNS1TS03
FRAN1AF05	ÍSLE2GM05	SAGA3KM05	TÖLV1FG05
FRAN1AU05	ÍSLE2MR05	SASK2SS05	UPPÆ1SR05
FRAN2BG05	ÍSLE3BÓ05	SÁLF1SD05	VIBS2KU03
GÆST2VE04	ÍSLE3LG05	SÁLF2AA05	ÞÝSK1AF05
HAGF2AP05	ÍSLE3NB05	SÁLF2UM05	ÞÝSK1AG05
HAGF3FR05	ÍPRF2PJ05	SÁLF3AB05	ÞÝSK1AU05
HBFR1HH05	JARÐ2JÍ05	SÁLF3PS05	
HEIM2IH05	KVMG1ST05	SIÐF2SF05	

Á næstu síðum kemur myndræn framsetning á heildarniðurstöðum spurninganna fyrir allan skólann. Kennurum hefur verið veittur aðgangur að eigin niðurstöðum sem og skólastjórnendum. Spurningarnar hér eru í sömu röð og þær birtust nemendunum.

Þessi áfangi er vel skipulagður.																		
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>646</td><td>53%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>409</td><td>34%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>104</td><td>9%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>45</td><td>4%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>7</td><td>1%</td></tr></table>	Mjög sammála	646	53%	Frekar sammála	409	34%	Frekar ósammála	104	9%	Mjög ósammála	45	4%	Á ekki við/veit ekki	7	1%			
Mjög sammála	646	53%																
Frekar sammála	409	34%																
Frekar ósammála	104	9%																
Mjög ósammála	45	4%																
Á ekki við/veit ekki	7	1%																
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.																		
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>694</td><td>57%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>400</td><td>33%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>85</td><td>7%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>25</td><td>2%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>8</td><td>1%</td></tr></table>	Mjög sammála	694	57%	Frekar sammála	400	33%	Frekar ósammála	85	7%	Mjög ósammála	25	2%	Á ekki við/veit ekki	8	1%			
Mjög sammála	694	57%																
Frekar sammála	400	33%																
Frekar ósammála	85	7%																
Mjög ósammála	25	2%																
Á ekki við/veit ekki	8	1%																
Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þessháttar.																		
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>640</td><td>53%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>375</td><td>31%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>129</td><td>11%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>61</td><td>5%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>9</td><td>1%</td></tr></table>	Mjög sammála	640	53%	Frekar sammála	375	31%	Frekar ósammála	129	11%	Mjög ósammála	61	5%	Á ekki við/veit ekki	9	1%			
Mjög sammála	640	53%																
Frekar sammála	375	31%																
Frekar ósammála	129	11%																
Mjög ósammála	61	5%																
Á ekki við/veit ekki	9	1%																
Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.																		
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>453</td><td>37%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>540</td><td>44%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>163</td><td>13%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>34</td><td>3%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>24</td><td>2%</td></tr></table>	Mjög sammála	453	37%	Frekar sammála	540	44%	Frekar ósammála	163	13%	Mjög ósammála	34	3%	Á ekki við/veit ekki	24	2%			
Mjög sammála	453	37%																
Frekar sammála	540	44%																
Frekar ósammála	163	13%																
Mjög ósammála	34	3%																
Á ekki við/veit ekki	24	2%																

Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.																
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>696</td><td>57%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>361</td><td>30%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>91</td><td>8%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>58</td><td>5%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>7</td><td>1%</td></tr></table>	Mjög sammála	696	57%	Frekar sammála	361	30%	Frekar ósammála	91	8%	Mjög ósammála	58	5%	Á ekki við/veit ekki	7	1%	
Mjög sammála	696	57%														
Frekar sammála	361	30%														
Frekar ósammála	91	8%														
Mjög ósammála	58	5%														
Á ekki við/veit ekki	7	1%														
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.																
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>628</td><td>52%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>361</td><td>30%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>103</td><td>8%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>55</td><td>5%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>66</td><td>5%</td></tr></table>	Mjög sammála	628	52%	Frekar sammála	361	30%	Frekar ósammála	103	8%	Mjög ósammála	55	5%	Á ekki við/veit ekki	66	5%	
Mjög sammála	628	52%														
Frekar sammála	361	30%														
Frekar ósammála	103	8%														
Mjög ósammála	55	5%														
Á ekki við/veit ekki	66	5%														
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.																
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>501</td><td>41%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>421</td><td>35%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>148</td><td>12%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>86</td><td>7%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>52</td><td>4%</td></tr></table>	Mjög sammála	501	41%	Frekar sammála	421	35%	Frekar ósammála	148	12%	Mjög ósammála	86	7%	Á ekki við/veit ekki	52	4%	
Mjög sammála	501	41%														
Frekar sammála	421	35%														
Frekar ósammála	148	12%														
Mjög ósammála	86	7%														
Á ekki við/veit ekki	52	4%														
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.																
<table><tr><td>Mjög sammála</td><td>658</td><td>54%</td></tr><tr><td>Frekar sammála</td><td>401</td><td>33%</td></tr><tr><td>Frekar ósammála</td><td>74</td><td>6%</td></tr><tr><td>Mjög ósammála</td><td>25</td><td>2%</td></tr><tr><td>Á ekki við/veit ekki</td><td>55</td><td>5%</td></tr></table>	Mjög sammála	658	54%	Frekar sammála	401	33%	Frekar ósammála	74	6%	Mjög ósammála	25	2%	Á ekki við/veit ekki	55	5%	
Mjög sammála	658	54%														
Frekar sammála	401	33%														
Frekar ósammála	74	6%														
Mjög ósammála	25	2%														
Á ekki við/veit ekki	55	5%														

Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.			
Mjög sammála	803	66%	
Frekar sammála	283	23%	
Frekar ósammála	73	6%	
Mjög ósammála	29	2%	
Á ekki við/veit ekki	23	2%	

Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.			
Mjög sammála	576	48%	
Frekar sammála	383	32%	
Frekar ósammála	119	10%	
Mjög ósammála	94	8%	
Á ekki við/veit ekki	39	3%	


Samanburður milli ára

Einn aðaltilgangur kennslumats er að fylgjast með breytingum í mati nemenda milli anna og ára. Þar sem kennslumat er framkvæmt á hverri önn og allt að helmingur áfanga metinn í hvert sinn er góð ástæða til að bera saman matið og velta fyrir sér breytingum.

Tölurnar í þeim töflum/myndum sem hér fara á eftir eru fengnar þannig að svörum nemenda eru gefin gildi frá einum upp í fjóra þar sem einn þýðir að nemandi sé mjög ósammála fullyrðingu og fjórir að hann sé mjög sammála.


Leggðu mat á áfangann	Haust 18	Vor 19	Haust 19
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður	3,6	3,5	3,5
Áfanginn er vel skipulagður	3,4	3,4	3,4
Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. glærur, verkefni og þessháttar.*	3,4	3,3	3,3
Meðaltal	3,5	3,4	3,4

*Ath. þetta voru tvær spurningar haustið 18, önnur um kennslubækur en hin um annað námsefni.




Hér eru niðurstöður þær sömu og á síðustu önn en samanburður milli haustanna sýnir að nemendum þykir aðstaða og kennslubúnaður verri nú en í fyrra og eru líka síður ánægðir með námsgögnin.

Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	Haust 18	Vor 19	Haust 19
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,4	3,3	3,2
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans	3,6	3,4	3,5
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,5	3,4
Ég fæ skilaverkefni og próf tilbaka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,7	3,5	3,4
Meðaltal	3,5	3,5	3,4



Ánægjulegt hér er að sjá að nemendur eru ánægðir með viðmót kennarans, nú sem áður. Hinsvegar vekur athygli að spurningu um fjölbreyttar kennsluaðferðir hlýtur lægra skor en á liðnum önnum og ekki síður að fullyrðing um skilaverkefni/próf lækkar líka. Í þeirri spurningu er í raun verið að spyrja um notkun leiðsagnarmats sem kennarar hafa þó verið að kynna sér á liðnum önnum. Ljóst er að þar þarf að gera betur til að það skili sér í kennsluna.

Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	Haust 18	Vor 19	Haust 19
Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans	3,6	3,5	3,2
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni í frekara námi, starfi eða einkalífi.	3,3	3,3	3,2
Meðaltal	3,5	3,4	3,2




Hér helst nýtt að fullyrðingin „Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans“ fær þó nokkuð lægri einkunn en áður. Nemendur segjast samkvæmt þessu mæta mun verr undirbúnir í kennslu en þeir sögðust gera síðustu annir. Þetta er áhyggjuefni og ekki síður að nemendur virðast meta gagnsemi áfanga minni en áður þó að munur þar sé reyndar ekki mikill.

Af þeim tíu fullyrðingum sem hér eru skoðaðar eru fimm sem fá lægri einkunn en á síðustu önn meðan aðrar fjórar fá sömu einkunn. Eina spurningin sem skorar hærra en á vorönn er „Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans“ sem er jákvætt, ekki síst í ljósi þess að átak var gert nú í haust til að koma þessu í betra horf. Loks er gott að sjá að sú fullyrðing sem er kannski mikilvægust allra „Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér“ fær sömu einkunn áður og reyndar hæstu einkunn allra spurninganna í þetta skipti.

Raddir nemenda

Nemendur voru beðnir um að gefa kennara einkunn á bilinu frá 1 til 10. Sem fyrr settu nemendur háar einkunnir á kennara sína því 77,9% gáfu þeim einkunn á bilinu 8 – 10. Meðaleinkunn var einnig nánast sú sama og síðustu annir.



Loks fengu nemendur tækifæri til að segja hug sinn í tveimur opnum spurningum þar sem annars vegar var spurt „Hvað finnst þér best við áfangann?“ og hinsvegar „Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga?“

Í svörum nemenda kennir margra grasa og það er ekki hægt annað en að vera sáttur við mörg svaranna við fyrri spurningunni eins og „Hvað kennarinn hefur smitandi áhuga á námsefninu“, „Gott andrúmsloft, frábær kennsla og gott skipulag á námsefninu“ eða „Skemmtilegur kennari, útskýrir vel og gott fólk og þægilegt umhverfi“. Hér má velta fyrir sér hvort „þægilegt umhverfi“ vísi til stofu M301 sem var gerð upp í haust og innréttuð með þægilegum húsgögnum; sófum, hægindastólum og fallegum munum?

Varðandi seinni spurninguna um hvað betur mætti fara voru flest svörin málefnaleg eins og „Það þyrfti að vera meira af hópverkefnum, spjall og umræður.“ og „Of fá verkefni að leysa í tímum. Of mikið af glærum.“ Mörg svör gengu út á námsmat og of mikið eða of lítið vægi á

verkefnum annarinnar. Besta svarið við spurningunni var þó „Væri gott ef prófin hefðu alla þá texta sem spurt er um, finnst óþarfi að þurfa að muna textana til að fá gott á prófi.“ Ekki er ljóst í hvaða fagi þessir textar tilheyra en þetta stendur vonandi til bóta (!)

Lokaorð

Samkvæmt VII. kafla framhaldsskólalaga er öllum skólum gert að meta starf sitt með kerfisbundnum hætti. Kennslumatið er liður í því og höfum við í FÁ lagt metnað okkar í að framkvæma það á hverri önn. Tilgangurinn er margþættur en helst má nefna:

- Kennarar fá endurgjöf á kennslu sína og geta nýtt sér hana til að þroskast í starfi
- Stjórnendur fá upplýsingar um það sem er að gerast í kennslustofunni og geta nýtt þær upplýsingar til að styðja kennara og styrkja, grípa til aðgerða ef þarf en ekki síður til að hvetja og hrósa þar sem það á við.
- Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og ef vel tekst til með úrvinnslu og úrbætur þá fá þeir á tilfinninguna að á þá sé hlustað.
- Ávinningur er fyrir alla starfsemi skólans að geta borið saman niðurstöður milli ára og fylgst þannig með þróun skólastarfsins í bráð og lengd.
- Loks má geta þess að þessi skýrsla er birt á heimasíðu skólans og er þar aðgengileg öllum þeim sem vilja fræðast um skólann og það starf sem hér fer fram. Einnig er gagnlegt fyrir kennara að skoða heildarniðurstöður í skýrslunni og bera saman við eigin niðurstöður.

Matið var framkvæmt eftir miðjan nóvember þegar um þrír fjórðu hlutar annarinnar voru að baki og því komin ákveðin heildarmynd á kennsluna í áföngunum. Kennurum eru síðan birtar niðurstöðurnar í lok kennslutímabilsins og þess vænst að þeir taki til greina athugasemdir við skipulagningu næstu annar. Aðeins með því að taka athugasemdir og ábendingar til greina getum við sýnt í verki að kennslumatið hefur tilgang og skilar sér í bættu skólastarfi öllum til heilla.